

Þriðjudaginn 13. janúar 1981.

Nr. 164/1978. **Halldór Guðmundsson**
 (Árni Grétar Finnsson hrl.)
 gegn
Sandi Dugguvogi s/f
 (Baldvin Jónsson hrl.).

Skuldamál. Aðildarskortur. Útivist áfrýjanda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Armann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. september 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði, og var honum þó löglega stefnt. Hér fyrir dómi reisir hann sýknukröfu sína á aðildarskortu. Hann telur kröfum stefnda ranglega beint gegn sér persónulega og hafi áfrýjandi átt að sækja Halldór Guðmundsson h/f um þær.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, að kröfur stefnda á hendur áfrýjanda stafi af sandsölu stefnda vegna tiltekinnar mannvirkja, sem verið var að reisa. Í málinu hefur stefndi lagt fram afhendingarnótur, 13 talsins, dagsettar í október til desember 1977.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa áfrýjandi og tveir menn aðrir komið fyrir dóm. Þá hafa m. a. verið lagðir fram tveir verksamningar um verk þau, sem sandsalan frá stefnda varðar. Leggja verður til grundvallar, að sand þennan hafi múrarameistari eða starfsmenn, er unnu að byggingarstarfsemi, sem verksamningarnir víkja að, pantað hjá stefnda og kvittað fyrir móttöku. Á úttektarnótunum er getið um verk þau, sem úttekt varðar. Á einni nótunni er greint símanúmer

Halldórs Guðmundssonar h/f. Ekki er neitt leitt í ljós um fyrri viðskipti málsaðilja né hver viðbrögð áfrýjanda voru, er honum bærust reikningar stefnda, og raunar ekki sýnt fram á, hvenær honum hafi borist þeir. Innheimtubréf stefnda til áfrýjanda er ritað 13. júní 1978 og mál höfðað með stefnu, birtri 21. s. m.

Samkvæmt gögnum máls var hlutafélagið Halldór Guðmundsson stofnað árið 1964, og var áfrýjandi stærsti hluthafi og prókúruhafi, þegar viðskipti þau urðu, sem eru undirrot málssóknarinnar. Í tilkynningu í Lögbirtingablaði 24. janúar 1980, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, greinir, að hlutafélagið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar 10. júlí 1979 og hafi engar eignir fundist í búinu og ekkert hafi komið upp í lýstar kröfur. Sé skiptum lokið samkvæmt 120. gr. laga nr. 6/1978.

Þegar litið er á samningsskipti þau, sem hér hafa verið reifuð, aðdraganda að þeim og vitneskju stefnda um, hver verk það voru, sem úttektin varðaði, verður eigi talið, að stefndi hafi sýnt fram á, að áfrýjandi hafi bakað sér persónulega ábyrgð á fjárkröfum þeim, sem málssóknin lýtur að. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Halldór Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sands Dugguvogi s/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. ágúst 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní 1978, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri miðvikudaginn 21. júní 1978, af Sandi Dugguvogi s/f, Dugguvogi 6, Reykjavík, gegn Halldóri Guðmundssyni, Herjólfsgötu 14, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 341.581 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 70.353 frá 1. nóvember 1977 til 1. desember sama ár, en af kr. 245.197 frá þeim degi til 1. janúar

1978, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 341.581 frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkv. 6 reikningum fyrir sölu á sandi til stefnda, að fjárhæð kr. 341.581 samtals. Sandur þessi, samtals 700 tonnur, hafi verið afhentur á tíma-bílinu 13. október til 22. desember 1977 og séu allar afhendingar-nótturnar 13 talsins með móttökukvittunum.

Stefndi hafi eigi fengist til að greiða skuld þessa þrátt fyrir margítrekuð greiðslutilmæli.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 56.700.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna dóm-arans.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Guðmundsson, greiði stefnanda, Sandi Dugguvogi s/f, kr. 341.581 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 70.353 frá 1. nóvember 1977 til 1. desember sama ár, en af kr. 245.197 frá þeim degi til 1. janúar 1978, en með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 341.581 frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, og kr. 56.700 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
